

Ed.

237. Frumvarp til laga

[65. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 25. marz.)

Samhljóða þskj. 127 með þessum breytingum:

23. gr. hljóðar svo:

76. gr. 2. mgr. orðist svo:

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hlutaðeiganda. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ekki ber að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 27. gr., ef hreinar tekjur hans næsta ár á undan hafa eigi verið hærri en kr. 11150.00, ef um einstakling er að ræða, kr. 20350.00, ef um hjón er að ræða, og kr. 5300.00 til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri, og má eigi krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi þeirra hreinu tekna, sem umfram verða, unz fullu iðgjaldi er náð. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

24. gr. hljóðar svo:

1. másl. d-liðar 82. gr. laganna orðist svo:

allt að 600 þúsund krónur á ári í utanfararstyrki sjúklinga samkvæmt fjárlögum, framlag til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59 1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum gjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir.

25. gr. hljóðar svo:

Fyrir orðin „kr. 300.00 á mánuði“ í 84. gr. laganna komi: kr. 600.00 á mánuði.

26. gr. hljóðar svo:

Aftan við lögina bætast ný ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins er, þar til öðruvísi verður ákveðið, heimilt að fresta að veita viðurkenningu sérstökum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða til þess að láta í té elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyri.

Tryggingastofnun ríkisins skal ákveða iðgjöld sjúkrasamlaga til samræmis við ákvæði 21. gr. laga þessara.

27. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bætur lífeyristrygginganna skulu greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. febrúar 1960, nema fjölskyldubætur, sem fyrst greiðast samkvæmt lögum þessum frá 1. apríl 1960. Þá skulu ákvæði 11. gr. um framlög vegna fjölskyldubóta og önnur framlög til lífeyristrygginga gilda frá 1. janúar 1960, ákvæði 21. gr. um iðgjöld og framlög til sjúkrasamlaga gilda um iðgjöld og framlög fyrir tíma eftir 31. desember 1959, og ákvæði 23. gr. gilda frá 1. janúar 1960.

Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 68 1958, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, lög nr. 69 1958, um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., 2. másl. 1. gr. laga nr. 1 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl., og lög nr. 27 1959, um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.